



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 15. október 2025
1510001/ÁÓ

Efni: 1505001: Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu – fjárhagsáætlun 2026

Vísað er til eftirfarandi bókunar 615. fundar stjórnar SSH 6. október sl.:

1505001 - Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirliggjandi til kynningar er fjárhagsáætlun ársins 2026 vegna verkefna samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu. Í framhaldinu verður hún send til aðildarsveitarfélaga SSH og Veitna vegna fjárhagsáætlanagerðar þeirra.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar og vísað til fjárhagsáætlanagerðar sveitarfélaganna.

Meðfylgjandi er fjárhagsáætlun samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu fyrir árið 2026, ásamt minnisblaði dags. 6. október 2025 þar sem gerð er nánari grein fyrir fjárhagsáætlun hópsins.

Í fjárhagsáætluninni kemur fram að heildarframlag sveitarfélaganna nemi 53.400.000 kr., þar af eru 26.100.000 kr. vegna reksturs og 27.300.000 kr. vegna nýfjárfestingar.

Áætlað er að greiðsluskipting vegna verkefna samráðshópsins á árinu 2026, verði eftirfarandi:

Greiðsluskipting v. reksturs				
Sveitarfélög /veitur	Mannfjöldi 1. sept 2025	Hlutfall	2025 raun+áætlun	2026
0000 Reykjavíkurborg /Veitur/ON	146,544	56.1%	(9,536,097)	(14,640,713)
1000 Kópavogsbær	41,458	15.9%	(2,697,807)	(4,141,928)
1100 Seltjarnarneskaupstaður	4,775	1.8%	(310,725)	(477,054)
1300 Garðabær	21,055	8.1%	(1,370,118)	(2,103,533)
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	33,200	12.7%	(2,160,432)	(3,316,899)
1604 Mosfellsbær	14,212	5.4%	(924,821)	(1,419,873)
Samtals v. reksturs	261,244	100.0%	(17,000,000)	(26,100,000)

Greiðsluskipting v. nýfjárfestingar				
Sveitarfélög /veitur	Mannfjöldi 1. sept 2025	Hlutfall	2025 raun+áætlun	2026
0000 Reykjavíkurborg /Veitur/ON	146,544	56.1%	(3,926,628)	(15,313,849)
1000 Kópavogsbær	41,458	15.9%	(1,110,862)	(4,332,361)
1100 Seltjarnarneskaupstaður	4,775	1.8%	(127,946)	(498,988)
1300 Garðabær	21,055	8.1%	(564,166)	(2,200,248)
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	33,200	12.7%	(889,590)	(3,469,400)
1604 Mosfellsbær	14,212	5.4%	(380,809)	(1,485,154)
Samtals v. nýfjárfestingar	261,244	100.0%	(7,000,000)	(27,300,000)



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Afgreiðsla sveitarfélaga:

Meðfylgjandi er fjárhagsáætlun vegna verkefna samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu fyrir árið 2026. Er þess óskað að tekið verði tillit til hennar í fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins fyrir árið 2026.

Sé frekari kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis sendar á netfangið ssh@ssh.is. Er þess jafnframt óskað að upplýsingar um afgreiðslu málsins berist á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,

Ásdís Ólafsdóttir
svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Fylgigögn:

Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu - Fjárhagsáætlun 2026.

Minnisblað - Fjárhagsáætlun samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu árið 2026, skýringar á kostnaðarliðum.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026